

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Kópavogi, 4.mars 2026

Efni: Umsögn Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)

Vísað er til máls S-52/2026 sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda, drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).

Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður fagnar framkomnum drögum og telur til bóta að breyta fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða með þeim hætti sem lagt er til. Meginmarkmið fyrirhugaðrar lagabreytingar er m.a. að auka skilvirka eignastýringu með því breyta lagaákvæðum sem kveða á um magntakmarkanir sem lífeyrissjóðum ber að fylgja við fjárfestingar. Þau áform eru í samræmi við niðurstöður víðtæks samráðs og þær ábendingar sem fram hafa komið um æskilegar breytingar. Í núgildandi lögum hefur skynsemisregla verið innleidd en samhliða henni gilda margþættar magntakmarkanir sem geta unnið gegn henni. Fyrirhugaðar breytingar geta skilað sér í skilvirkari og betri eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Almenni-Lífsverk vekur athygli ráðuneytisins á því að í b-lið 5. gr. frumvarpsdraganna kemur fram að meirihluti eigna lífeyrissjóðs skv. 2.-6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. skuli vera ávaxtaður með ákveðnum hætti. Af greinargerð og samanburðartöflu má ráða að ætlunin hafi verið að ná til heildareigna lífeyrissjóðs, en því markmiði verður ekki náð ef eignir skv. 1. tölul. 2. mgr. 36. gr. a eru undanskildar. Því er lagt til að ákvæðið orðist svo: „Meirihluti heildareigna lífeyrissjóðs skal vera ávaxtaður í:“ og að við upptalninguna bætist við nýr staflíður þar sem segi: „eignum skv. 1. tölul. 2. mgr. 36. gr. a“.

Virðingarfyllst,

f.h. Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs



Gunnar Baldvinsson,
framkvæmdastjóri.